



### Minnisblað - Edinborgarhús

Þann 13. janúar 2025 átti stjórn Edinborgarhúss fund með bæjarstjóra til að kynna starfssemi hússins og nýlegan samning menningarmálaráðuneytisins við Edinborgarhúsið um styrk til tveggja ára (vegna áranna 2025 og 2026).

Í viðræðum undanfarinna ára um rekstur menningarhússins, hefur stjórn Edinborgarhússins lagt áherslu á að fundin verði lausn til langs tíma vegna rekstrar hússins. Í því sambandi hefur verið horft til langtímasamnings sem tryggir stöðugan rekstur hússins og leiðir af sér að starfssemi þess eflist og dafni. Tveggja ára samningur menningarmálaráðuneytisins og Edinborgarhúss sem nú liggur fyrir er gott skref í þá átt.

Samningur menningarmálaráðuneytisins og Edinborgarhúss hljóðar uppá 10 m.kr. framlag ríkisins til reksturs á ári, árin 2025 og 2026.

Stjórn Edinborgarhúss gerði það að tillögu sinni að Ísafjarðarbær leggi til viðbótarstyrk til Edinborgarhússins til tveggja ára að upphæð 6 m.kr. hvort ár. Þessi styrkur yrði viðbót við það framlag Ísafjarðarbæjar, sem núgildandi samningur um niðurfellingu fasteignagjalda nemur.

Í gildi er samningur milli Ísafjarðarbæjar og Edinborgarhúss um niðurfellingu fasteignagjalda þar sem fasteignagjöld nema u.þ.b. 4,6 mkr. árið 2026.

Ísafjarðarbær óskaði eftir því, að áður en ákvörðun yrði tekin um frekari framlög til hússins að fyrir lægi stefnumörkun Edinborgarhúss. Í framhaldi fór í gang vinna við hana árið 2025, haldinn var opinn stefnumótunarfundur þar sem íbúum var boðið til þátttöku og var afurðin „Stefna fyrir Menningarmiðstöðina Edinborg á Ísafirði 2025-2030“ kynnt á fundi sem bæjarfulltrúar, fulltrúar í menningarmálanefnd og skóla-, íþrótta- og tómstundanevnd og fulltrúar frá Edinborgarhúsi áttu þann 5. mars 2026.

Þátttaka kjörinna fulltrúa í þessum fundi var mikilvæg fyrir frekari vinnslu málsins innan stjórnsýslunnar til að fá fram sjónarmið og hugmyndir kjörinna fulltrúa um hvernig sveitarfélagið getur komið að verkefninu og í hvaða formi stuðningurinn getur verið.

Nú liggur fyrir að stjórn Edinborgarhúss, bæjarstjóri og menningarmálaráðherra munu funda í maí með það að markmiði að ræða langtímasamning, á þríhliða grunni, um rekstur Edinborgarhússins.

Sem fóður inn í áframhaldandi vinnu er óskað eftir afstöðu bæjarráðs til eftirfarandi:

**Ísafjarðarbær jafni framlag menningarmálaráðuneytisins að meðtaldri niðurfellingu fasteignagjalda frá og með árinu 2026. Miðað við núverandi samning sem hljóðar uppá 10 m.kr. á ári. Slíkt mótframlag mun án vafa styrkja áframhaldandi viðræður við menningarmálaráðuneytið um langtímasamning. Þetta þýðir til viðbótar við niðurfellingu fasteignagjalda alls 5,4 m.kr. árið 2026.**

**Í samkomulagi við Edinborgarhús komi fram gagnkvæmar skyldur samningsaðila sambærilegt við samninga við aðra menningartengda starfsemi, t.d. Kómedíuleikhúsið.**